

Nesbik ehf.  
Krossanes 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 7. febrúar 2017  
UST201612-099/S.P.  
08.06.02

### Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 13. desember s.l. þar sem áformað var að áminna Nesbik ehf. vegna frávíks er fram kom í eftirliti í bikstöð Nesbiks, Krossnesi, 1. september 2016. Umhverfisstofnun hefur hvorki borist áætlun um úrbætur né staðfesting á að úrbótum frá rekstraraðila.

#### Frávikið sem um ræðir er eftirfarandi:

1. Frávík frá gr. 3.9 í starfsleyfi. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Öryggisblöð voru ekki til staðar við eftirlit.

**Umhverfisstofnun veitir rekstraraðili áminningu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitir Nesbiki ehf. frest til þess að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 21. febrúar n.k.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna ofangreindra frávíka. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka er að þessu sinni kr. 26.400.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [svava.petursdottir@ust.is](mailto:svava.petursdottir@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllt

  
Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur

